



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. *p* 121 / 522  
komudagur 16 / 12 1996

Reykjavík, 11. desember 1996

GE/ms

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Þórshamri v/ Tempiarasund  
150 Reykjavík

Á fundi borgarráðs í gær var lögð fram umsögn starfsmannastjóra frá 9. þ.m. varðandi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send yður til kynningar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:  
Starfsmannastjóri



Reykjavík, 9. desember 1996

## Til borgarráðs

Með bréfi frá formanni efnahags- og viðskiptanefndar dags. 21. nóvember 1996 er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frumvarpið var samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði í nóvember 1995 til að yfirfara lífeyrismál opinberra starfsmanna og þá sérstaklega lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Í nefndinni sátu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Kennarasambandi Íslands og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga ásamt fulltrúum fjármálaráðherra. Það ber hins vegar að gagnrýna að ekki var leitað til Sambands íslenskra sveitafélaga um skipun fulltrúa við samningu frumvarpsins og var efni þess ekki kynnt sambandinu fyrir en frágangi þess var lokið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu í réttindaávinnslu að iðgjöld reiknast af heildarlaunum og umreiknast í stig á sama hátt og gerist hjá almennum lífeyrissjóðum. Er stigaútreikningur miðaður við þær reglur sem gilda innan Sambands almennra lífeyrissjóða, en þar reiknast stigin út frá 10% heildariðgjaldi og kemur því það framlag vinnuveitanda sem er umfram 6% eða 5,5% ekki til stigaútreiknings. Á móti kemur að margföldunarstuðull áunninna stiga er hærri en hjá almennum sjóðum. Má sem dæmi taka að við 67 ára aldur eru stig í Lífeyrissjóðnum Framsýn margfölduð með 1,48 en í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með 1,9 við 65 ára aldurs verði frumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það nú er, en við samningu frumvarpsins var miðað við að verðmæti heildarréttinda í nýju kerfi væru hliðstæð því sem þau eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Í þeim kafla er fjallar um iðgjaldagreiðslur er iðgjald sjóðfélaga ákveðið 4% en mótfamlag vinnuveitanda að lágmarki 6% en síðan er breytilegt viðbótarframlag, nú 5,5%, til þess að sjóðurinn geti staðið við þann lífeyri sem lofað er. Í kaflanum er einnig ákvæði um að iðgjald launagreiðanda skuli endurskoðað árlega og ákvörðun um hækkun eða lækkun skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Með þessu ákvæði er viðhaldið ábyrgð vinnuveitanda á greiðslu lífeyris á sama hátt og er í núgildandi lögum. Er það mjög gagnrýnivert að ekki skuli hafa verið horfið frá þessari tilhögun og stjórn sjóðsins gerð ábyrg fyrir ávöxtun á sama hátt og í almennum sjóðum.

Sú breyting sem er veigamest varðandi þá sjóðfélaga sem lífeyri taka samkvæmt eldri lögum er að breyting er gerð á svokallaðri eftirmannsreglu. Felst breytingin í því að í stað þess að eftirlaun fylgi breytingum á launum þeirrar stöðu sem sjóðfélagi gegndi síðast þá verður miðað við "meðalbreytingar" sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. nánari skýringum í frumvarpinu. Er þessi breyting orðin mjög þörf þar sem framkvæmd eldri reglu var orðin mjög erfið og í sumum tilvikum nær óframkvæmanleg. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þeim sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeim sem þegar eru byrjaðir að taka lífeyri verði gefinn kostur á að velja milli "eftirmannsreglunnar" og nýju reglunnar en mun eðlilegra hefði verið að allir féllu undir sömu reglu.

Í frumvarpinu er gerð sú breyting á endurgreiðslu launagreiðenda vegna lífeyrishækkana að 40% ávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins sem hefur komið til frádráttar á greiðslum er felld niður. Einnig er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum sem sjóðfélagi hefur lokið greiðslu iðgjalda skv. almennri reglu (32 ár) og 95 ára reglu að launagreiðandi greiði 10% iðgjald til sjóðsins. Það er mat undirritaðs að með þessu móti verði kostnaðarauki fyrir launagreiðendur en á móti styrkist hagur lífeyrissjóðsins en ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum sjóðsins minnkar að sama skapi.

Frumvarp þetta er komið til, eins og að framansögðu vegna samkomulags fjármálaráðuneytis og félaga opinberra starfsmanna um lífeyrismál. Leiða má líkur að því að áhersla verði lögð á það við umræður frumvarpsins á Alþingi að ekki verði gerðar neinar efnisbreytingar á því þar sem þær hefðu í för með sér ríkisstarfsmenn teldu að brostinn væri grundvöllur fyrir samkomulagi aðila.

Sá tími sem sveitarfélögum var gefin til að veita umsögn um svo stórt og viðamiklign málefni hefði þurft að vera mun meiri og verður vart séð að nauðsyn beri til að löggin þurfi að taka gildi 1. janúar 1997. Sveitarfélög, bæði þau sem greitt hafa af launum opinberra starfsmanna sinna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, svo og hin sem hafa eigin lífeyrissjóði sem eru uppbyggðir á sömu grundvallarsforsendum og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, komast ekki hjá því að þurfa að taka afstöðu til þess hvort þau séu tilbúinn að semja við samtök opinberra stéttarfélaganna um sambærilega lausn.

Það að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar hefur í för með sér stórar greiðslur úr sjóðum sveitarfélaganna. Flest þeirra hafa þegar gert fjárhagsáætlanir sínar fyrir næsta ár þar sem ekki hefur verið tekið tillit til frumvarps þessa enda þeim ókunnugt um innihald þess. Því er það afar mikilvægt að sveitarfélögum gefist betri tími til að móta afstöðu til þessa máls áður en löggin koma til framkvæmda.

*Þau G. Kuis*